

STEFNA

2030

Leiðarvísir á umbrotatímum

hnattræn nálgun - aðgerðir í nærsamfélagi



## Hvatning forseta Íslands í stefnu Rauða krossins ágúst 2020

Stefna Rauða krossins til ársins 2030 er mörkuð við óvenjulegar og erfiðar aðstæður. Farsótt geisar um víða veröld. Fólki hefur látist, fjölmargir veikst og brýnar varnir gegn vágestinum hafa sett samfélög úr skorðum, valdið búsifjum sem ekki sér fyrir endann á.

Hvað er til ráða? Við leitum lausna, reiðum okkur á rannsóknir, vísindi og þekkingu. Lækningar og lyf koma að gagni, bóluefni hlýtur að finnast. Mest um vert er þó að við sýnum í verki samkennd og samúð, að við stöndum saman. Árið 2024 verður öld liðin frá stofnun Rauða krossins á Íslandi. Æ síðan hefur félagið haft þessi viðmið í heiðri. Starfslíð, sjálfbóðaliðar og velunnarar vilja láta gott af sér leiða, öðrum til heilla nær og fjær. Innan Rauða krossins er ekki farið í manngreinaralit, neyð ekki metin eftir því hver þjáist og hvar. Öllum skal hjálpað eftir því sem tök eru á.

Rauði krossinn á Íslandi vill stuðla að mannvirðingu og mannhelgi allra íbúa landsins og sporna um leið við fordómum, jaðarsetningu og misrétti. Stefna félagsins næstu ár ber þess merki og staðfestir einnig grunngildi þeirra í bráð og lengd.

Ég óska Rauða krossinum og öllum sem leggja honum lið alls velfarnaðar.

Guðni Th. Jóhannesson

forseti Íslands og verndari Rauða krossins á Íslandi

# STÆRSTA MANNÚÐARHREYFING HEIMS

## FYRIR ALLA JARÐARBÚA

Allt starf Rauða krossins á Íslandi snýst um fólk, öryggi þess og velferð. Rauði krossinn á Íslandi gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld á sviði mannúðarmála, líkt og önnur landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans gera hvert í sínu landi. Okkar hlutverk er að aðstoða og tala máli þeirra sem höllum fæti standa og þurfa því á okkur að halda eins og sýn okkar, nálgun og stefna bera svo skýrt með sér.

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur starfað í síbreytilegum heimi allt frá árinu 1863 þegar Rauði krossinn var stofnaður. Hreyfingin þarf stöðugt að taka mið af breyttum aðstæðum, bregðast við á viðeigandi hátt, en alltaf að verja mannréttindi og halda mannúðarsjónarmiðum á lofti. Við tökum ávallt ákvarðanir miðað við aðstæður hverju sinni og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Stefna félagsins til ársins 2030 er leiðarvísir okkar á umbrotatímum. Við byggjum hana á stefnu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans og nýtum hana til að móta aðgerðir okkar í nærsamfélaginu. Það er sýn okkar að á næstu árum haldi Rauði krossinn á Íslandi áfram að efla neyðarviðbrögð sín og leiðir til valdeflingar þeirra sem höllum fæti standa. Þannig verðum við betur í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem samfélagið mun standa frammi fyrir. Við sem tilheyrum alþjóðahreyfingu vitum að Ísland er vel tengt umheiminum og atburðir sem gerast fjarri okkur geta sannarlega haft áhrif hér. Þess vegna munum við standa vörð um alþjóðastarf okkar þar sem við sinnum þörfum mikils fjölda fólks á ári hverju, þeirra sem eiga um sárt að binda vegna vopnaðra átaka, náttúruhamfara eða sárafátækta.

Rauði krossinn á Íslandi er félag fólks sem vill bæta samfélag sitt. Samtakamáttur, stuðningur, sjálfboðið starf og gagnkvæmur skilningur er það sem skiptir mestu máli fyrir farsælt starf félagsins. Rauði krossinn á Íslandi mun því leggja sig fram um að vinna í þágu fólksins í landinu og þeirra sem þurfa að njóta aðstoðar okkar í alþjóðastarfinu. Þessi stefna er leiðarvísir okkar til þess að starfið verði skilvirk og árangursríkt.




Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi



## SÝN OKKAR

Við erum leiðandi á sviði mannúðarmála á Íslandi og grundvöllum starf okkar á sjálfbærri þjónustu. Samfélagið allt treystir á Rauða krossinn á erfiðum tímum. Við virkjum fólk til að vera hreyfiafl jákvæðra breytinga til að stuðla að bættri framtíð fyrir okkur öll.



## NÁLGUN OKKAR

Við stöndum vörð um rétt og ákvarðanir fólks til að ná fram jákvæðum breytingum fyrir sig, samfélög sín og heiminn allan. Við leggjum okkur fram um að sýna þeim sérstaklega stuðning sem búa við erfiða stöðu og jaðarsetningu í samfélaginu. Við byggjum allt okkar starf á grundvallarhugsjónum Rauða krossins og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



## STEFNA OKKAR

Stefnan okkar er hvatning og leiðarvísir fyrir allt félagið svo við höfum raunveruleg áhrif og náum árangri í störfum okkar.

# 5 ÁSKORANIR



1 Loftslagsbreytingar

2 Krisur og hamfarir

3 Aðgengi að heilbrigðisþjónustu

4 Fólksflutningar og sjálfsmynd samfélaga

5 Gildi ólíkra hópa, valdajafnvægi og félagsleg þátttaka


# 3 MARKMIÐ

1 Fólk er búið undir krisur og hamfarir, getur brugðist við þeim og eflst í kjölfar þeirra

2 Fólk býr við öryggi, heilbrigði og mannsæmandi skilyrði og hefur tækifæri til að dafna

3 Fólk vinnur að opnu, fjölbreyttu og friðsælu samfélagi

# 7 LEIÐIR TIL ÁRANGURS



1 Öflugt hjálparstarf í nærsamfélagi

2 Virkt og gefandi starf sjálfboðaliða

3 Traust og ábyrgt félag

4 Skilvirkt net mannúðar

5 Málsvarar mannúðar

6 Stafræn tækni

7 Öflug og fjölbreytt fjáröflun

# 5 HNATTRÆNAR ÁSKORANIR

**Loftslagsbreytingar** eru umfangsmestu áskoranir mannkyns. Ýmis merki eru um náttúruvá tengda þeim. Hér á landi má nefna aukna hættu á flóðum í ám, sjávarflóðum, ofanflóðum og gróðureldum. Einnig má búast við að sjávarborð hækki víða við strendur landsins.

Á heimsvísu verður vart við auknar öfgar í veðurfari, til dæmis hitabylgjur, þurrka, flóð, fellibylji og gróðurelda. Þessar breytingar hafa bein áhrif á lífsgæði fólks sem geta birst í aukinni fátækt, minna fæðuöryggi, útbreiðslu sjúkdóma, auknum átökum, fólksflutningum, aukinni þéttbýlismyndun og aðsókn í nauðsynjar. Breytingar sem þessar ýta undir varnarleysi og hafa mest áhrif á fátæk og berskjölduð samfélög.

Innviðir hafa þróast hratt á síðustu árum. Margir mega þeir sín þó lítils gagnvart náttúruöflunum. Rof í innviðum á borð við rafmagnsleysi, vatnsskort, bilun í frárennslis-, samgöngu- og fjarskiptakerfum geta haft gríðarleg áhrif á samfélög nútímans. Þá geta árásir á net- og fjarskiptakerfi valdið mikilli röskun í samfélögum og jafnvel lamað þau tímabundið.

Staðbundnum **krísum** fjölgaði á fyrstu tveimur áratugum aldarinnar þótt dregið hafi úr stórfelldum vopnuðum átökum. Um leið hafa fleiri hópar vopn undir höndum en áður. **Mismunandi valdastaða hópa, jarðarsetning, fordómar og andúð** valda aukinni spennu innan samfélaga. Stjórnmalahreyfingar sem ala á sundurlyndi milli þjóða og þjóðfélagshópa hafa komist í áhrifastöður víða um heim. Breytt valdajafnvægi í heiminum kann að hafa áhrif á mikinn fjölda fólks. Deilur kunna áfram að valda átökum innan ríkja eða á milli ríkja. Ný vopn og möguleg útbreiðsla kjarnavopna og annarra geryðingarvopna geta bæði ýtt undir slíkar deilur og átök og haft alvarlegar afleiðingar fyrir allt líf á jörðinni.

Fjöldi þeirra jarðarbúa sem neyðast til að **leggja á flóttu og yfirgefa heimkynni** sín hefur aldrei verið meiri. Því miður bendir margt til þess að flóttafólki og farendum muni halda áfram að fjölga verulega samhliða versnandi lífsgæðum og hamfara af völdum loftslagsbreytinga ásamt baráttu milli fólks um lífsgæði og áhrif. Í þannig árferði er hætt við að farendum og flóttafólki mæti andúð, fordómar og útilokun í nýjum heimkynnum. Fjöldi þeirra og neyð gæti einnig aukist gríðarlega ef vopnuð átök brjótast út í einstaka ríkjum eða heimshlutum.

Aðgengi fólks að **heilbrigðisþjónustu** verður sífellt meira aðkallandi, meða annars því meðalaldur íbúa heims fer hækkandi. Þrátt fyrir stórstígar framfarir í heilbrigðisvísindum hefur stór hluti jarðarbúa ekki aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu, meðal annars vegna jaðarsetningar. Sjúkdómar sem áður var talið að tekist hefði að útrýma verða að faröldrum víða um heim ásamt því að nýir sjúkdómar koma fram. Með auknum samgöngum eykst hættu á að farsóttir berist hratt milli heimshluta. Ófullnægjandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu er sérlega þungbært fyrir börn og konur. Fólksfjölgun, fjölbreyttari samsetning íbúa, aukin ferðamennska og takmarkað aðgengi að fjármagni eykur álag á heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Við sem störfum undir merkjum Rauða krossins látum þessar áskoranir okkur varða. Við breytumst og þróumst. Við verðum viðbragðsfljótari og skilningsríkari um stöðu þeirra sem líða þjóningar af völdum hnattrænna áskorana. Við tökum ákvarðanir á grundvelli þekkingar, reynslu og vísinda. Slíkt gæti haft í för með sér að við segjum skilið við eldri aðferðir og þróumst til móts við nýja tíma. Við skipuleggjum allt starf okkar í samræmi við áherslur okkar og áskoranir hverju sinni, í samvinnu við nærsamfélagið.

## 3 MARKMIÐ

### MARKMIÐ 1

**Fólk er búið undir krísur og hamfarir, getur brugðist við þeim og eflst í kjölfar þeirra.**

Við þekkjum áföll, krísur og hamfarir og tökumst á við undirliggjandi ástæður þeirra. Við höfum jákvæð áhrif á hagi fólks sem býr við þrengingar. Við leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir alvarlega atburði og draga úr áhrifum þeirra sem verða.

Við eflum viðbúnaðar- og viðbragðsgetu okkar og tökumst á við þær neyðaraðstæður sem upp koma. Við leggjum sérstaka áherslu á geðheilbrigði og sálfélagslegan stuðning í störfum okkar og gætum þess að fólk sé vel í stakk búið til að takast á við krísur og hamfarir hvar sem það er statt.

Við áttum okkur á mikilvægi þess að aðgerðir okkar hafi velferð mannkyns og vistkerfa að leiðarljósi.

## **MARKMIÐ 2**

**Fólk býr við öryggi, heilbrigði og mannsæmandi skilyrði og hefur tækifæri til að dafna.**

Við skiljum mikilvægi þess að auka viðnámsþrótt fólks í fjölbreyttri samfélagsgerð til að takast á við krefjandi aðstæður s.s. hamfarir, átök, áföll og fólksflutninga svo vinna megi að sjálfbærri þróun og öryggi í samfélaginu.

Við notum sérþekkingu okkar og áhrif til að auka áherslu á geðheilbrigði sem og líkamlegt og félagslegt heilbrigði og stuðlum að því að fólk búi við mannsæmandi skilyrði.

Áhersla okkar er á þau sem verst standa hverju sinni og við byggjum þjónustu okkar á virku notendasamráði.

## **MARKMIÐ 3**

**Fólk vinnur að opnu, fjölbreyttu og friðsælu samfélagi.**

Við stefnum að opnara samfélagi sem byggir á samfélagslegri þátttöku, jöfnum tækifærum og samheldni. Við vinnum að samfélagi þar sem fólk sýnir aðstæðum hvers annars skilning, virðir fjölbreytileika og gefur hvert öðru tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu. Við gerum þetta með því að tala fyrir mannúðargildum, virkri samfélagsþátttöku og sjálfbærni starfi.

Við störfum náið með öðrum og beitum áhrifum okkar á öllum stigum samfélagsins svo mannúðarhugsjónir okkar hafi jákvæð áhrif.

# **7 LEIÐIR TIL ÁRANGURS**

Við setjum fram sjö leiðir til árangurs sem eru nauðsynlegar fyrir okkur til að takast á við hinar hnattrænu áskoranir. Þær eru nauðsynlegar til að virkja nærsamfélagið til athafna og stuðla að jákvæðum breytingum heima og að heiman. Á þann hátt náum við framangreindum markmiðum okkar.



## Leið 1: Öflugt hjálparstarf í nærsamfélagi

Við höfum verið öflugt hreyfiafl á Íslandi frá árinu 1924. Við störfum í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar, gætum að því að framlag okkar til samfélagsins sé í samræmi við þarfir hverju sinni og að áherslur okkar endurspegli þarfir þeirra hópa sem mest þurfa á málsvara og aðstoð að halda.

- Við erum öflugt hreyfiafl, með skýra forgangsröðun og viðbúin í heimi stöðugra breytinga. Við byggjum á traustum grunni og höldum áfram að efla starf okkar.
- Við leggjum áherslu á að efla viðnámsþrótt og heilbrigði einstaklinga og samfélaga til lengri og skemmri tíma og gera þau tilbúin til að takast á við verkefni framtíðarinnar.
- Við erum öflugir málsvarar mannúðar bæði innanlands og utan.
- Starf okkar fer fram í nærsamfélaginu og er leitt af sjálfbærliðum á hverjum stað.
- Við erum leiðandi og leggjum áherslu á eftirfarandi málefnasvið: neyðarvarnir, skyndihjálp, skaðaminnkun, sálfélagsglegan stuðning, aðstoð við flóttafólk og alþjóðlegt hjálparstarf.

### Mælikvarðar árangurs

- Félagið vinnur samræmdar undirstefnur fyrir hvert málefnasvið með skýrum árangursmælikvörðum til 2-3 ára í senn.
- Rauði krossinn getur brugðist við krísum hvar sem er á landinu og á skilgreindum áherslusvæðum erlendis.

## Leið 2: Virkt og gefandi starf sjálfbærliða

Einn af grunnþáttum í starfsemi okkar er fjölbreyttur hópur sjálfbærliða sem endurspeglar samfélagsgerðina, sem veitir okkur kraft og bolmagn til að starfa að þeim fjölmörgu verkefnum sem við sinnum.

- Við leggjum áherslu á samfélagslega þátttöku ólíkra aðila í starfi félagsins.
- Við erum fjölbreyttur hópur með ólíkan bakgrunn og þar liggur styrkur okkar.
- Við þekkjum samfélagið og höfum notendasamráð í öllum okkar verkefnum.
- Við brúum bil milli kynslóða, styðjum ungt fólk í sjálfbærastarfi og viljum að öll þau sem eiga samleið með gildum okkar og hugsjónum hafi tækifæri til að starfa með félaginu.
- Við tryggjum öryggi og vernd sjálfbærliða og stuðlum að velferð þeirra, sérstaklega þeirra sem starfa við krefjandi aðstæður.
- Við þjálfum og fræðum fjölbreyttan hóp sjálfbærliða og veitum honum verkfærin til þess að takast á við verkefni sín.

### Mælikvarðar árangurs

- Sjálfbóðaliðastjórnun er formleg og nánar skilgreind í sjálfbóðaliðastefnu, allt frá móttöku, þjálfun og skráningu til innleiðingar í verkefni og til loka sjálfbóðastarfs.
- Sjálfbóðaliðar eru ánægðir í störfum sínum og finnast verkefni sín gefandi.
- Þjálfun sjálfbóðaliða er þróuð út frá greiningu og hæfniviðmiðum fyrir öll verkefni.

### Leið 3: Traust og ábyrgt félag

Við stöndum vörð um alþjóðleg mannúðarlög og höfum stoðhlutverki að gegna við stjórnvöld á sviði mannúðarmála. Við erum málsvari fólks gagnvart stjórnvöldum. Við njótum mikils trausts og virðingar almennings jafnt sem stjórnvalda.

- Ákvarðanatataka, stjórnun og fjármál okkar eru gagnsæ og byggja á áreiðanlegum gögnum.
- Við erum leiðandi í umræðu um þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.
- Við treystum á samstarf og stuðning stjórnvalda, atvinnulífs, fræðasamfélags og almennings við starf okkar.
- Við vinnum í góðri samvinnu yfir landamæri vegna atburða innanlands og utan.
- Við erum skjót til aðgerða þegar þeirra er þörf.
- Við tökum ávallt mið af umhverfis- og loftslagsmálum í allri okkar starfsemi og ákvarðanatöku. Við leitumst við að vera vistvæn í starfi okkar.
- Við höfum kynjajafnrétti og fjölbreytileika að leiðarljósi í öllu starfi okkar.

### Mælikvarðar árangurs

- Innra eftirlit er virkt með ákvörðunartöku og meðferð fjármuna.
- Allt starf okkar er í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Þarfagreining, notendasamráð, aðgerðaáætlun og endurmat er samræmt og unnið fyrir öll verkefni.
- Almennigur og stjórnvöld treysta okkur.

### Leið 4: Skilvirkt net mannúðar

Styrkur okkar felst í fólki sem saman myndar skilvirkt net mannúðar. Við störfum á sömu forsendum í nærsamfélaginu, á landsvísu og alþjóðavísu.

- Með aukinni þörf fyrir mannúðaraðstoð er mikilvægt að við stöndum saman sem skilvirkt net mannúðar um allan heim.

- Við erum hluti af alþjóðlegri hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
- Við undirgöngumst og störfum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, stefnu og ákvarðanir alþjóðahreyfingarinnar.
- Við sækjum þekkingu til hreyfingarinnar og miðlum þekkingu okkar og reynslu.
- Við hármörkum áhrifamátt og skilvirkni verkefna okkar með því að deila styrk okkar, þekkingu og mannaúði.
- Viðbrögð okkar við krísum eru skjót og árangursrík vegna áherslu okkar á samhæfingu aðgerða og verkefna.
- Við vinnum að lausnum sem tengja fólk saman og gera þekkingu og upplýsingar aðgengilegar í öllu okkar starfi.
- Við víkkum samstarfsgrundvöll við þau sem eiga samleið með mannúðarstarfi félagsins.

### Mælikvarðar árangurs

- Við erum leiðandi í alþjóðlegu hjálparstarfi hér á landi.
- Við eigum í virku samstarfi við önnur landsfélög sem og alþjóðahreyfinguna.

## Leið 5: Málsvavarar mannúðar

Við tölum máli og stuðlum að vernd fólks sem býr við þrengingar og hefur fáa málsvara. Grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar varða leiðina í átt að markmiðum okkar og stýra öllu okkar starfi.

- Við erum meðvituð um að grundvallarhugsjónin um hlutleysi felur ekki í sér þögn heldur afstöðu með þeim sem minnst mega sín og að ábyrgðin sem fylgir málsvarahlutverki er mikil.
- Við leitumst við að efla þau sem höllum fæti standa til að tala sínu eigin máli.
- Við tölum fyrir fjölbreyttum aðferðum til að takast á við krefjandi áskoranir sem samfélög standa frammi fyrir.
- Málsvavarastarf okkar er vel skilgreint og byggir á áreiðanlegum gögnum, reynslu og þekkingu.
- Við styðjum stjórnvöld við að móta stefnu og grípa til aðgerða í samræmi við mannúðaráherslur okkar.

### Mælikvarðar árangurs

- Rauði krossinn nær árangri í opinberri umræðu um mannúðarmál.
- Vernd er skilgreind sem hluti af áhersluverkefnum félagsins.
- Opinberir aðilar og notendur þjónustunnar treysta okkur til að sinna málsvarastarfi þeirra sem standa höllum fæti.

## Leið 6: Stafræn tækni

Við erum framarlega í tækniþróun sem öflugt og vel starfandi félag. Þannig fæst nálægð við sjálfbóðaliða, þátttakendur og umheiminn allan. Við nýtum tækni til að hagræða í rekstri og vera umhverfisvæn.

- Við eflum og þróum starf okkar, aukum skilvirkni og bætum skipulag með stafrænni tækni.
- Við minnkum kolefnisspor með því að nýta okkur fjarþjónustu.
- Við nýtum tækni til að kynna starfsemi og þjónustu félagsins fyrir notendum til að auka þátttöku þeirra í starfi okkar.
- Við nýtum þá miðla sem öflugastir eru hverju sinni til að tala máli mannúðar.

### Mælikvarðar árangurs

- Innsýn og greining sem byggir á stafrænum gögnum er nýtt til ákvarðanatöku.
- Fjarfundir eru nýttir.
- Fleiri sjálfbóðaliðar og starfsfólk fá fræðslu og þjálfun með stafrænni tækni.

## Leið 7: Öflug og fjölbreytt fjáröflun

Við leggjum áherslu á fjölbreyttar, gegnsæjar og gagnreyndar fjáröflunaraðferðir. Ætíð skal huga að grundvallarhugsjónum Rauða krossins áður en stofnað er til samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og aðra aðila.

- Við leitum stöðugt nýrra og fjölbreyttra leiða til að tryggja nægilegt fjármagn til þess að styðja við verkefni okkar og áherslur.
- Við erum eftirsóttur samstarfsaðili vegna trúverðugleika og ábyrgrar ráðstöfunar fjármagns til hjálparstarfs og mannúðarmála.
- Við leitum samstarfs við samfélagslega ábyrg fyrirtæki og stofnanir.
- Við gerum skýra grein fyrir því hvernig framlögum til okkar er ráðstafað.
- Við gætum þess að áhersluverkefni séu fjármögnuð.

### Mælikvarðar árangurs

- Fjármagns er aflað með fjölbreyttum leiðum til að takast á við aðkallandi viðfangsefni.
- Almennigur er jákvæður gagnvart því að styðja fjárhagslega við starfsemi Rauða krossins.

# 7 GRUNDVALLARHUGSJÓNIR RAUÐA KROSSINS

## Mannúð

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

## Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

## Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

## Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

## Sjálfboðin þjónusta

Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

## Eining

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

## Alheimshreyfing

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.